

Alþingi
Erindi nr. P 136/467
komudagur 15.12.2008

Alþingi
B.t. viðskiptanefndar Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2008

Varðar: Peningamarkaðssjóð bankans

Vísað er til bréfs viðskiptanefndar Alþingis frá 14. nóvember 2008, þar sem óskað var svara við fyrirspurnum í tólf töluliðum.

Spurningum viðskiptanefndar verður svarað í þeirri röð sem þær koma fyrir í bréfi nefndarinnar, en rétt er að koma nokkrum almennum atriðum á framfæri við nefndina.

Kaupþing Peningamarkaðssjóður var stofnaður og rekinn af Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf., en sjóðum var slitið þann 19. nóvember 2008. Rekstrarfélagið er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða. Um fjármálafyrirtæki gilda m.a. lög nr. 161/2002, en 1. mgr. 58. gr. þeirra laga hljóðar svo:

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Af þessu ákvæði leiðir að Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. er óheimilt að veita ýmsar upplýsingar um sjóði í sínum rekstri, t.a.m. upplýsingar um einstaka hlutdeildarskírteinishafa sjóða, nema til þeirra aðila sem hafa heimild skv. lögum til að krefjast slíkra gagna. Sem dæmi um slíka heimild má nefna heimild Fjármálaeftirlitsins skv. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þess má geta að Rekstrarfélagið hefur ávallt átt góð samskipti við Fjármálaeftirlitið (FME) og ávallt afhent þau gögn sem FME hefur óskað eftir og eins fljótt og auðið er.

Á næstu síðum eru upplýsingar um Kaupþing Peningamarkaðssjóð, m.a. greinargerð sem lýsir stöðu sjóðsins við slit og þróun hans á árinu. Jafnframt er spurningum nefndarinnar svarað eins og unnt er. Fulltrúar Rekstrarfélagsins bjóðast jafnframt til að mæta á fund nefndarinnar til að fara yfir eignasamsetningu sjóðanna og svara spurningum nefndarmanna.

Greinargerð Rekstrarfélags Kaupþings banka vegna Kaupþings Peningamarkaðssjóðs

Kaupþing Peningamarkaðssjóður

Kaupþing Peningamarkaðssjóði var slitið í nóvember eftir að hafa greitt út eina heildargreiðslu til hlutdeildarskírteinishafa sjóðsins 31. október síðastliðinn. Hlutfall útgreiðslu nam 85,3%.

Greinargerð þessari er ætlað að varpa ljósi á uppgjör sjóðsins, hvað orsakaði töpuðu hlutdeildina og hvernig hún skiptist niður á eignaflokka. Jafnframt verður farið yfir þróun fjárfestinga á árinu sem og litið til aðgerða erlendis sem ætlaðar eru til aðstoðar peningamarkaðssjóðum.

1. Fjárfestingarstefna og fjárfestingar Kaupþings Peningamarkaðssjóðs

1.1 Fjárfestingarstefna

Kaupþing Peningamarkaðssjóður var fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri heimildir til fjárfestinga en verðbréfasjóðir og hjá Kaupþingi Peningamarkaðssjóði munaði þar mestu um 3 tl. 54. gr sömu laga. Þar kemur fram að fjárfestingarsjóðum er heimilt að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda.

Jafnframt var þess sérstaklega getið í útboðslýsingu sjóðsins, sem send var Fjármálaeftirlitinu, að fjárfestingarnar skyldu vera innan eftirfarandi sundurliðunar og framangreindra laga nr. 30/2003.

Sundurliðun fjárfestingaheimilda Kaupþings Peningamarkaðssjóðs	%
Skuldabréf og víxlar skráð í Kauphöll Íslands hf.	0-100%
Innlán fjármálafyrirtækja og peningamarkaðsskjöl	0-100%
Óskráð innlend skuldabréf og víxlar	0-10%
Aðrir fjármálagerningar en um er getið í liðum 1-3 skv. hér að framan	0-10%

Fjárfestingar Kaupþings Peningamarkaðssjóðs hafa ávallt verið í samræmi við fjárfestingarstefnu og hefur Fjármálaeftirlitið sinnt eftirliti með mjög virkum hætti og óskað eftir upplýsingum ársfjórðungslega síðustu ár.


1.2 Þróun skuldabréfaeignar sjóðsins

Þróun eigna sjóðsins frá áramótum og fram til október var sú að hlutfall skuldabréfaeignar lækkaði verulega enda var markvisst unnið að því að auka hlutfall innlána. Markviss lækkun hlutfalls skuldabréfa var ekki gerð með breytingu á forgangs röðun krafna í huga heldur vegna þess að innlán eru betri kostur en skuldabréf þegar stærð sjóðsins dregst saman. Þá er meiri þörf fyrir laust fé til að mæta innlausnum. Frá áramótum hefur eignasamsetning sjóðsins verið með eftirfarandi hætti.


	Des '07	Jan '08	Feb '08	Mars '08	Apr '08	Mai '08	Júní '08	Júlí '08	Ágúst '08	Sept '08	Okt '08
Innlán hjá fjármálastofnunum	30,3	18,1	19,7	15,7	27,9	31,5	30,0	36,0	29,9	27,9	24,0
Skuldabréf fjármálfyrirtækja	15,2	12,5	9,0	7,2	6,4	5,6	6,5	6,1	6,4	7,0	5,1
Skuldabréf fyrirtækja	38,8	34,0	31,1	24,8	14,7	13,7	13,5	13,3	12,7	8,7	7,3
Samtals stærð sjóðs (Tölur í milljónum króna)	84,3	64,6	59,8	47,7	49,0	50,9	50,0	55,4	49,0	43,6	36,3

Fjárfestingar sjóðsins í skuldabréfum fjármálfyrirtækja drógust saman um 10 ma.kr. frá ársbyrjun. Hlutfallið fór úr 18% í 14% af heildareign sjóðsins sem gerir 22% minnkun. Jafnframt drógust skuldabréf fyrirtækja saman um rúman 31 ma.kr. frá ársbyrjun, úr 46% í 20% af heildareign sjóðsins sem samsvarar 56% minnkun. Innlán sjóðsins fóru úr 30 mö.kr. í 24 ma.kr. en hlutfall innlána jókst hins vegar gríðarlega eða úr 36% í 66% af heildareign sjóðsins, þar sem sjóðurinn minnkaði frá ársbyrjun fram til október. Það gerir um 84% aukningu innlána á tímabilinu.

Hér að neðan sést hvernig innlán sjóðsins sem hlutfall af heildareign þróuðust frá áramótum.



Á meðan innlán sjóðsins voru að aukast var stærð sjóðsins hins vegar að minnka. Myndin hér fyrir neðan sýnir stærðarþróun sjóðsins frá áramótum.



Tölur í m.kr.

2. Uppgjör Kaupþings Peningamarkaðssjóðs

2.1. Eignasamsetning Kaupþings Peningamarkaðssjóðs

Síðasti viðskiptadagur Kaupþings Peningamarkaðssjóðs var 3. október síðastliðinn. Ástæðan var sú að Fjármálaeftirlitið stöðvaði tímabundið viðskipti með alla fjármálagerninga nokkurra félaga í Kauphöll Íslands. Það var því óhjákvæmilegt að fresta innlausnum í þeim sjóðum sem höfðu að geyma fjármálagerninga þessara félaga til að tryggja jafnræði hlutdeildarskírteinishafa. Skömmu síðar voru þrjár stærstu viðskiptabankar landsins teknir yfir af íslenska ríkinu.

Ákveðið var að slíta Kaupþingi Peningamarkaðssjóði og að allar eignir yrðu greiddar til hlutdeildarskírteinishafa.

Öll innlán fengust að fullu greidd en þau námu um 66% af sjóðnum. Aðrar eignir sjóðsins þurfti að selja en þær skiptust í skuldabréf fjármálafyrirtækja og skuldabréf fyrirtækja.

Skuldabréf fjármálafyrirtækja námu um 14% af sjóðnum. Fyrir setningu neyðarlaganna nr. 125/2008 voru skuldabréfin jafnrétt há innlánnum. En við setningu neyðarlaganna voru þau sett aftar en innlán í réttindaröð krafna. Af þeim sökum varð sjóðurinn að sætta sig við að selja þau með afslætti. Skuldabréf fyrirtækja námu um 20% af sjóðnum. Í ljósi erfiðra markaðsaðstæðna varð sjóðurinn að selja skuldabréf fyrirtækja með afslætti. Heildarlækkun miðað við útgreiðslu sjóðsins var 14,7%. Rúmlega helming lækkunarinnar má rekja til sölu skuldabréfa fjármálafyrirtækja en á móti tæplega helming vegna sölu skuldabréfa fyrirtækja.

Hér fyrir neðan sést eignasafn Kaupþings Peningamarkaðssjóðs eftir frestun innlausna og áður en eignir hans voru seldar.

Kaupþing Peningamarkaðssjóður	Eignasamsetning október '08 (ma.kr.)	%
Innlán	24,0	66,3%
Kaupþing	4,1	11,4%
Exista	2,5	6,9%
Atorka	2,0	5,4%
Bakkavör	1,1	3,1%
Deutsche Bank	0,7	1,9%
Fasteignatryggð skuldabréf	0,6	1,6%
Marel	0,4	1,2%
Eyrir	0,4	1,1%
Sparisjóðabankinn	0,4	1,1%
Alfesca	0,0	0,1%
	36,3	100,0%

2.2. Matsverð bréfa sem seld voru

Þann 17. október 2008 beindi Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til rekstrarfélaga verðbréfasjóða að grípa til aðgerða sem leiði til slita á peningamarkaðssjóðum í rekstri þeirra. Rekstarfélagið fékk þá endurskoðunarfyrtæki til að endurmeta skuldabréf Kaupþings Peningamarkaðssjóðs. Aðferðafræðin sem endurskoðunarfyrtækið kaus að beita var að meta bréfin út frá væntu endurheimtuhlutfalli (e. recovery rate) og jafnframt var tekið tillit til þeirrar miklu óvissu sem nú ríkir um fjárhagsstöðu og

endurgreiðslugetu margra þeirra fyrirtækja sem um ræðir. Við matið var horft til núverandi fjárhagsstöðu útgefenda skuldabréfanna sem og greiðslugetu útgefenda á næstu árum. Mat þetta var síðan lagt fyrir stjórn Nýja Kaupþings banka hf. Tillagan fól í sér niðurfærslu á skuldabréfum fjármálafyrirtækja og skuldabréfum fyrirtækja sem leiddu til lækkunar á sjóðnum eins og greint var frá hér fyrir í greininni.

3. Áhættukvarðar

Sjóðir Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. eru skilgreindir eftir áhættukvarða sem uppgefinn er á heimasíðu Kaupþings. Kvarðinn er frá 1 (lítil áhætta) til 7 (mikil áhætta). Áhættukvarði þessi var þannig skilgreindur að áhætta var meiri eftir því sem sveiflur í ávöxtun sjóðanna voru meiri. Þannig fengu hlutabréfasjóðir áhættueinkunnina 7, þar sem hætta er á því að ávöxtun slíkra sjóða sveiflist mikið á milli mánaða. Kaupþing Peningamarkaðssjóður var skilgreindur með áhættu 1 þar sem ávöxtun sjóðsins sveiflaðist nær ekkert fyrir fall bankanna hér á landi.

Á kvarða sögulegrar ávöxtunar var Kaupþing Peningamarkaðssjóður með minnstu áhættu í sjóðavali bankans, þar sem gengi hans sveiflaðist minnst af þeim sjóðum sem í boði voru. Því var ekki haldið fram í kynningarefni frá bankanum að fjárfesting í sjóðnum væri með öllu áhættulaus.

4. Fordæmi frá öðrum löndum

Í öðrum löndum hefur þróunin hjá peningamarkaðssjóðum verið svipuð og hér á landi, það er minnkandi tiltrú og auknar innlausnir. Þessar miklu innlausnir hafa leitt til þess að peningamarkaðssjóðir hafa þurft að selja eignir sínar sem aftur þrýstir verði þeirra niður, sem svo enn dregur úr tiltrú á fjármálamörkuðum í heild sinni. Í Bandaríkjunum er litið svo á að peningamarkaðssjóðir séu grunnstoð í fjármálakerfi landsins. Enda eru þeir mikilvægur hlekkur í fjármögnun fyrirtækja og fjármálastofnana í landinu auk þess sem margir einstaklingar eiga sparnað sinn í slíkum sjóðum. Stjórnvöld í Bandaríkjunum töldu það lykilatriði að verja peningamarkaðssjóðina til að viðhalda fjármálastöðugleika.

Í því mikla umróti sem átti sér stað á fjármálamörkuðum í september síðastliðnum, sem meðal annars leiddu til falls hins 159 ára gamla fjárfestingarbanka Lehman Brothers, neyddist einn elsti peningamarkaðssjóður Bandaríkjanna til að lækka gengi sitt og síðar að loka sjóðnum. Hann varð þar með fyrsti peningamarkaðssjóður í 14 ár til að lækka gengi sitt þar vestra. Til þess að tryggja trúverðugleika peningamarkaðssjóða og koma þar með í veg fyrir óðagot, þar sem fjárfestar hefðu farið úr sjóðunum og í öruggara skjól, gripu bandarísk stjórnvöld strax til viðamikilla aðgerða. Settur var á fót tryggingasjóður fyrir sjóðsfélaga peningamarkaðssjóða. Þetta var útfært með þeim hætti að ríkissjóður Bandaríkjanna tryggði höfuðstól sjóðsfélaga eins og hann var þann 19. september 2008. Auk þessa var gripið til margs konar aðgerða þar sem ýmsar ríkisstofnanir komu á fót sjóðum sem hjálpað gætu peningamarkaðssjóðum að selja eigur sínar ef til þess kæmi að þeir þyrftu að mæta innlausnum.

Þessu til viðbótar hafa ríkisstjórnir annarra ríkja, þar með talið Írlands, Danmerkur, Þýskalands, Frakklands, Svíþjóðar, Bretlands, Hollands, Spánar, Portúgals, Kanada, Ástralíu og Nýja Sjálands, gengið fram fyrir skjöldu og ábyrgst skuldbindingar fjármálastofnana í viðkomandi löndum. Í Danmörku hafa öll skuldabréf og innlán fjármálastofnana næstu tvö árin verið tryggð. Slíkar aðgerðir eru til þess gerðar að

styrkja trú fjárfesta á peningamarkaðssjóðum í viðkomandi löndum, þar sem skuldabréf og víxlar fjármálastofnana eru að öllu jöfnu lang stærsti hluti fjárfestinga peningamarkaðssjóða.

Í Bandaríkjunum og víða í Evrópu hefur ríkisvaldið komið peningamarkaðssjóðum til aðstoðar með beinum eða óbeinum hætti, annaðhvort með beinni ábyrgð á sjóðunum sjálfum eða með því að ábyrgjast skuldabréf í eigu sjóðanna. Hér á landi hefur hins vegar ekkert verið að gert heldur hafa stærstu sjóðirnir verið leystir upp og fjárfestar tekið á sig fjárhagstjónið.

Það er því umhugsunarvert hvort rétt hafi verið að leggja eingöngu áherslu á að innlán væru trygg, í stað þess að koma til móts við sparnað landsmanna í peningamarkaðssjóðum. Ljóst er að íslenska fjármálakerfið varð fyrir miklum skakkaföllum þegar bankakerfið landsins hrundi. Þegar hagkerfi verða fyrir slíku áfalli má ætla að það komi niður á mörgum þáttum. Hlutabréfamarkaðir urðu verst úti ásamt því að mörg fyrirtæki hafa lent í vandræðum. Peningamarkaðssjóðir voru því miður ekki undanskildir þeim áhrifum sem og flestir aðrir landsmenn.

Svör við spurningum Viðskiptanefndar Alþingis.

- 1. Óskað er eftir yfirliti yfir eignasamsetningu í sjóðunum og yfirliti yfir breytingu á samsetningu þeirra frá 1. janúar 2007 til og með 6. október 2008.**

Eignasamsetning sjóðsins má finna á einblöðungi sjóðsins sem birtur er opinberlega á heimasíðu Kaupþings og viðskiptavinir sem og aðrir geta fengið hann útprentaðann óski þeir eftir því. Eignasamsetning sjóða er ekki gefin upp á milli mánaðarmóta, hinsvegar fær FME ítarlegt yfirlit yfir eignasamsetningu sjóðanna ársfjórðungslega og oftar, óski FME eftir því. Í greinargerð hér að framan er yfirlit yfir eignasamsetningu Kaupþings Peningamarkaðssjóð þegar sjóðnum var lokað.

- 2. Óskað er eftir upplýsingum um hvort viðskipti hafi farið fram á síðustu mánuðum með eignir í peningmarkaðssjóðum til aðila sem tengjast bönkunum þ.e. nákominna í skilningi 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og ef svo er, upplýsingum um hverjir þessir tengdu aðilar eru.**

Rekstrarfélagið getur ekki afhent viðskiptanefnd þessar upplýsingar en bendir á að FME hefur allar upplýsingar um eignasamsetningu sjóðsins.

- 3. Óskað er eftir yfirliti yfir viðskiptin í tengslum við útgreiðslu úr peningmarkaðssjóðum og þar með talið umfang og forsendur á bak við þau.**

Þegar lá fyrir að peningamarkaðssjóðunum yrði slitið var FME tilkynnt um málið og í framhaldinu var málið unnið í nánú samstarfi við FME. Hlutdeildarskírteinishöfum sjóðanna var tilkynnt um útgreiðslu úr sjóðunum og slit þeirra bréflega. Í bréfinu var m.a. upplýst um hvernig slitin yrðu framkvæmd, s.s. að eign þeirra í sjóðunum yrði færð yfir á vörslusafn þeirra.

- 4. Óskað er eftir upplýsingum um hvort fjárfestingar sjóðanna hafi verið í samræmi við útgefna fjárfestingarstefnu.**

Fjárfestingar sjóðanna voru innan útgefinnar fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefnu sjóðanna má finna í reglum hvors sjóðs, sem eru m.a. birtar á sjóðasíðu Kaupþings, www.kaupthing.is/sjodir. Fjárfestingar sjóðanna voru fullu í samræmi við útgefna fjárfestingarstefnu.

- 5. Spurt er hvort að fullyrðingar við sölu sjóðanna um áhættustig (áhættulausir) hafi staðist?**

Söluaðili sjóða Rekstrarfélagsins er Kaupþing banki hf. (nú Nýi Kaupþing banki hf.).

Sú vinnuregla hefur ávallt verið viðhöfð af starfsmönnum bankans að tilkynna viðskiptavinum um þá áhættu sem fylgir því að fjárfesta í sjóðum.

Í kynningarefni sjóðanna, s.s. einblöðungi, útboðslýsingu, úrdrætti úr útboðslýsingu og jafnframt öllum auglýsingum fyrir sjóðina, er tekið fram að áhætta fylgi fjárfestingu í sjóðum og að ávöxtun í fortíð gefur ekki endilega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

- 6. Spurt er hvort að verulega breytingar hafi orðið á eignasamsetningu sjóðanna vikunnar fyrir hrun bankanna.**

Ekki urðu verulegar breytingar á eignasamsetningu sjóðanna vikurnar fyrir fall bankanna.

7. Spurt er hvort að til staðar hafi verið skjalfestir hvatar innan bankanna á að selja eignir sjóðanna?

Spurningin er óljós, en væntanlega er verið að spyrja um hvort til staðar hafi verið skjalfestir hvatar innan bankanna til að selja *fjárfestum hlutdeildarskírteini* sjóðanna. Svárið við þeirri spurningu er þetta: Nei – það hvorki voru né eru til staðar skjalfastir hvatar innan Nýja Kaupþings banka hf. (áður Kaupþings banka hf.) til að selja fjárfestum hlutdeildarskírteini sjóðanna. Rétt er að benda á að Kaupþing Peningamarkaðssjóður dróst verulega saman árinu 2008.

8. Spurt er hvort að peningamarkaðssjóðir hafi verið notaðir með einhverjum hætti til að þess að halda uppi gengi hlutabréfa?

Nei, enginn sjóða Rekstrarfélagsins voru notaðir í þeim tilgangi enda átti sjóðurinn engin hlutabréf.

9. Spurt er hvernig standi á þeim mun sem er á útgreiðslu úr peningamarkaðssjóðum viðskiptabankanna annars vegar og hinsvegar úr peningamarkaðssjóð BYR sem mun vera nær 96% hlutfall innistæðna?

Rekstrarfélagið veit ekki hvernig stendur á þessum mun milli peningamarkaðssjóða viðskiptabankanna, enda hefur Rekstrarfélagið ekki eignasamsetningu annara sjóða undir höndum. Rekstrarfélagið getur því aðeins svarað fyrir sinn sjóð. Athuga skal hins vegar að peningamarkaðssjóður BYRs lækkaði um 7,4% vikuna fyrir fall bankana. Að teknu tilliti til þess var útgreiðsluhlutfall þess sjóðs rúm 87%.

10. Spurt er hvert sé eignaverðmæti þeirra eigna sem standa /stóðu á bak við sjóðina? Er rétt að um hafi verið að ræða bréf í Stoðum og öðrum tæknilega gjaldþrota fyrirtækum?

Kaupþing Peningamarkaðssjóður átti enga fjármálagerninga útgefna af Stoðum hf. þegar félagið óskaði eftir greiðslustöðvun 29. september 2008.

11. Spurt er hversu margir opinberir aðilar hafi verið með eignir í sjóðunum s.s. sveitarfélög og hver var sameiginleg upphæð þeirra eigna?

Rekstrarfélaginu er óheimilt að veita upplýsingar um einstaka viðskiptavini, sbr. 58. gr. laga nr. 161/2002.

12. Óskað er eftir upplýsingum um hvort að ríkisstofnanir hafi átt eignir í sjóðunum?

Rekstrarfélaginu er óheimilt að veita upplýsingar um einstaka viðskiptavini, sbr. 58. gr. laga nr. 161/2002.

Rekstrarfélags Kaupþings banka hf.